CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and IT

NEYTENDASAMTÖKIN

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 562 5000,
TELEFAX 562 4666,
neytenda@itn.is
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1766
komudagur 8.4.'98

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri
v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 7. apríl 1998

507. mál

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál og frumvarp til laga byggingar- og húsnæðissamvinnufélög.**

Neytendasamtökin telja að um margt megi breyta því húsnæðiskerfi sem nú er byggt á. Fjölmargir aðilar hafa komið með athugasemdir við frumvörp þau sem nú liggja fyrir og gerbreyta núverandi kerfi.

Neytendasamtökin vara við því að flanað sé í þessu máli, enda skiptir öruggt húsnæði öllu fyrir heill fjölskyldna. Því leggja samtökin á það þunga áherslu að mál þetta verði ekki afgreitt á þessu þingi, heldur fái umfjöllun í nefnd í sumar og þar sem hagsmunasamtök almennings eiga fulltrúa. Nýtt frumvarp yrði síðan lagt fyrir í haust.

Beðist er velvirðingar á að svar hefur dregist, en frestur sem Alþingi gefur er naumur.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendasamtakanna

Jóhannes Gunnarsson

Jóhannes Gunnarsson framkvæmdastjóri